

245. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 2. september 2024 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Þórður Guðjónsson aðalmaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

- 1. 2405056 - Mötuneyti grunnskóla - framtíðarsýn**
Kynning á tilboði í aðkeypta ráðgjafavinnu vegna undirbúnings útboðs.
Lagt fram til kynningar.
- 2. 2205146 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging- framkvæmd verkefnisins**
Staða útboðs vegna uppbyggingar Samfélagsmiðstöðvar lögð fram til kynningar.
Skóla- og frístundaráð fór yfir framlagða tímaáætlun vegna uppbyggingar Samfélagsmiðstöðvar á Dalbraut 8.
- 3. 2409012 - Hreyfivika ÍSÍ 2024**
Erindi frá forstöðumanni íþróttamannvirkja þar sem óskað er eftir að Akraneskaupstaður veiti frítt í sund á Jaðarsbökkum vikuna 21.-27. september og Guðlaugu og Bjarnalaug helgina 21.-22. september, sem lið í Hreyfiviku ÍSÍ.
Skóla- og frístundaráð tekur jákvætt í erindið og vísar því til afgreiðslu hjá bæjarráði.
- 4. 2401006 - Fundargerðir 2024 - menningar- og safnanefnd**
Fundargerðir menningar- og safnanefndar lagðar fram til kynningar.
Skóla- og frístundaráð færir sérstakar þakkir til allra þeirra sem komu að skipulagi, framkvæmd og þátttöku í glæsilegri Barnamenningarhátíð sem haldin var á Akranesi dagana 23.-31. maí 2024.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 09:30.